


„Einhvers skírra, einhvers blárra, æskti hugur minn“

Íslensk abstraktlist á Kjarvalsstöðum



Svavar Guðnason: Fansað í fúgustíl 1939-40, 130x81 sm.

Það framtak Menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar að efna til yfirlitssýningar á íslenski abstraktlist á Kjarvalsstöðum verður að teljast bæði lofsvert og tímabært. Lofsvert vegna þess að sýningin markar vonandi þá stefnubreytingu hjá stjórn hússins, að Kjarvalsstaðir taki meira eigið frumkvæði í mótn þeirrar starfsemi sem þar fer fram, þannig að húsið verði virkari þátttakandi í menningarstraumum samtímans. Og sýningin er tímabær vegna þess að íslensk myndlist stendur nú á þeim tímamótum að við getum á hlutlægan hátt litið yfir farinn veg og lagt mat á framlag þeirra myndlistarmanna sem ruddu nútímanum braut í íslenski myndlist.

Því abstraktlistinn er ekki lengur umdeild sem slíkt, og það

þykir ekki lengur merki um óþjóðhollan uppskafningshátt að skapa óhlutbundna myndlist.


Saga þeirrar baráttu, sem það kostaði að kenna Íslendingum að lesa nútímamyndlist hefur ekki enn verið að fullu skráð, og það er reyndar eitt af því sem ég sakna í þeirri vönduðu sýningarskrá, sem gefin hefur verið út með sýningunni, að ekki skuli vera fjallað um viðbrögð þau sem brautryðjendur abstraktlistarinnar fengu hér á landi með tilvitnun í prentaðar heimildir. Það hefði gert sýningu þessa enn lærðómsríkari, ekki síst fyrir yngstu kynslóðina, sem ekki þekkir þá sögu.

Val verka á sýningu sem þessa er óhjákvæmilega vandasamt, og sjálfsagt erfitt að gera öllum sjónarmiðum til hæfis. Þó sakna ég þess í sýningarskrá, að ekki skuli þar tiltekið hvaða reglur eða

mælikvarða aðstandendur sýningarinnar hafa haft við val verka. Þar stendur einungis að reynt sé eftir mætti að spanna söguna „og gefa áhorfendum sem flest sjónarhorn á hugtakið óhlutlæg myndlist í málverki og skúlptúr.“

Í fljótu bragði virðist mér að sú ákvörðun að takmarka sýninguna við málverk og skúlptúr hafi að ófyrirsýnu útilokað nokkra ágæta listamenn sem fullt erindi áttu á þessa sýningu, ef hún á að gefa yfirlit yfir íslenska abstraktlist. Þar á ég til dæmis við að glerlistarmaðurinn Leifur Breiðfjörð á enga mynd á sýningunni, og nálgast þó ýmsar glermyndir hans það mjög að geta talist óhlutbundnir skúlptúrar. Eða vefarinn Ásgerður Búadóttir, sem hefur

gert óhlutbundinn vefnað sem jafnast á við það besta sem við eigum í abstrakt málverki. Eða myndlistarkonur eins og þær Guðrún Kristjánsdóttir og Hólm-



Gleðin ríkir

Nemendaleikhúsið sýnir
PRETTÁNDÁKVÖLD
eftir William Shakespeare
Þýðing: Helgi Hálfðanarson
Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson
Leikmynd: Una Collins

Af öllum gleðileikjum skáldsins er Prettándakvöld líklega sá glaðværusti og bjartasti og þessari glaðværd komu hinir ungu og upprennandi leikarar stórkostlega vel til skila í þessari bráðskemmtilegu sýningu. Þórhallur Sigurðsson hefur réttilega notfært sér æsku og lífskraft leikaranna og lagt alla áherslu á ærsi og fjör og góða skemmtun og tekst að skapa sýningu þar sem ekki er til dauður punktur, án þess þó að hún sé keyrð áfram á einhverjum ógnarhraða. Þvert á móti gefur Þórhallur sér tíma til að dedúa við smáatriði, draga fram og undirstrika myndina í textanum þannig að orð og athafnir falla saman og mynda heild. Þetta ætti auðvitað að vera sjálfgefið mál, þannig eiga allar leiksýningar að vera, en því miður hefur þetta oft farið úrskeiðis, einkum í Shakespeare-sýningum hér á landi sem stundum hafa dottið niður í að vera stírdnaður textaflutningur – og það er kannski þetta sem hefur aflað Shakespeare þess álits margra mörlanda að hann sé einstaklega leiðinlegt leikskáld. Sannleikurinn er hins vegar sá að hann er eitthvert skemmtilegasta leikskáld sem uppi hefur verið, eins og þeir vita best sem séð hafa góðar enskar sýningar á honum undanfarnar ár. Það sýnist mér reyndar Þórhallur hafi gert og dregið góða lærdóma af.

Þórhallur hefur einnig notið ómetanlegs stuðnings þeirrar miklu snilldarkonu Una Collins en leikmynd hennar og búningar skapa sýningunni umgerð og stíl sem fellur einstaklega vel að

þeirri galsafengnu leið sem valin er að verkinu. Sviðsmyndin er einföld en bæði falleg og notadrjúg. Tveir hallandi pallar á miðju gólfi og sviðið rammað inn með teygjum sem má nota til að fara í gegnum, fela sig bak við, gægjast út um og jafnvel flækja sig í. Þegar þetta er síðan lýst af listfengi (Ólafur Örn Thoroddson á heidur af því) verður leikmyndin falleg og litrík. Þá bætast við búningarnir sem eru skemmtilega fjölbreytilegt sam safn af nýjustu tísku og hinu og þessu frá fyrri tíð. Bæði leikmynd og búningar hefja leikinn yfir tíma og rúm og staðsetja hann í þeirri óskilgreindu Illyriu sem í vitund skáldsins var eins konar Undraland þar sem óskyldum hlutum ægði saman, svo sem ítölskum hertoga og ósvikinni aðalsmænni annars vegar en jafn hreinræktuðum Bretum og þeim Tóbíasi og Andrésí hins vegar. Þessi hrægrigrautur, sem er þegar til staðar í textanum, heppnast einstaklega vel í sýningunni.

En það er auðvitað frammi- staða leikaranna sem svona sýning stendur eða fellur með. Skemmst er frá því að segja að leikaraefnin ungu skiluðu öll góðum leik og nokkur frábærum. Persónusköpun þeirra allra var óvenju skýr, að vísu voru persónurnar dregnar einföldum dráttum en þeir voru afar skýrir og allt er þetta í samræmi við aðferð sýningarinnar.

Það var kannski mest dýpt í fíflinu Fjasta í meðförum Valgeirs Skagfjörð. Hann kom hundingshætti fílsins aflæg til skila og það var skemmtilega dapur undirtónn á túlkun hans. Gervi og látbragð var listilega gott, hér var atvinnumaður á ferð og trúðlæti og söng framdi hann af list hins þaulvana manns.



Þórdís Arnjótsdóttir og Árni Pétur Guðjónsson sem Viola og Orsino hertogi. – Ljós. Valdis.

Hjálmar Hjálmarsson gerði kostulega figúru úr veslings Malvólíu, hrokafullan uppskafning sem hreykir sér yfir jafningja sína og stefnir á hærri staði, en fall hans er mikið eins og tókast um slíka hjá Shakespeare. Látbragð Hjálmars var sérlega agað og raddbeitingin einstaklega góð – þingeyski framburðurinn vel til fundinn. Merkilegt var að sjá hvílikt vald ungi maðurinn hefur á augum og tungu – sem lá við að hann ofnotaði. Þetta var heilsteipt persónusköpun svo langt sem henni var ætlað að ná. Þórarinn Eyfjörð var stórkostlega myndinn í hlutverki Andrésar Agahlýs, þessa mislukkaða og vitgranna vonbiðils Ólívíu. Það var snilldarbragð að hafa hann í skotapíls, en í öllu fasi var hann hinn fullkomni sveitadurgur, ævinlega utanveltu innan um fína fólkið.

Þó að þessar persónur hafi skagað upp úr í sýningunni er ekki þar með sagt að aðrir hafi staðið sig laklega – þvert á móti. Ingrid Jónsdóttir var glettin og uppfull af fjöri í hlutverki Maríu þjónustustúlku, Þórdís Arnjóts-

dóttir einörð í framgöngu og þokkafull í hlutverki Víólu, Halldór Björnsson sprækur og atgangsharður sem Tóbías Búli og Ólafía Hrönn Jónsdóttir oft glettilega broslög Olivía, leikin af

Fabíans, sem er túlkadur sem einskona upprennandi fífl og hugsanlegur arftaki Fjasta – samleikur þeirra Valgeirs var óborg-anlega myndinn. Þá var Björn Ingi Hilmarsson rösklegur skiphera og Erling Jóhannesson forkostulegur prestur.

Það má auðvitað deila um þá túlkunarleið sem farin er í þessari sýningu, segja sem svo að hún skopfæri óþyrnilega ljóðrænar ástarrollur Olivíu og Orsínós og einfaldi persónur óhóflega, en í sýningunni gengur þetta allt upp. Það sem mestu máli skiptir er að hér hefur tekist að leiða fram kjarnann í gamansemi Shakespeares – hina fjölbreytilegu og kostulegu persónusköpun – með eftirminnilegum og ótrúlega skemmtilegum hætti. Þessi sýning ætti að nægja til að afsanna þá kenningu að Shakespeare sé leiðinlegur. Hún ætti einnig að hjálpa til að hrekja þá kenningu sem leikarar heyrast stundum halda fram (ekki opinberlega að vísu) að þýðingar Helga Hálfðanarsonar séu illa fallnar til leikflutnings.

Sverrir Hólmarsson



SVERRIR HÓLMARSSON

minni virðingu en ég hygg að venja sé að sýna því hlutverki. Sama má segja um Orsínó sem varð næsta skoplegur elskhugi í höndum Árna Péturs Guðjónssonar. Stefán Sturla Sigurjónsson var vasklegur í heldur vanþaklátu hlutverki Sebastians.

Vegna fjölmennis í verkinu fengu fjórðaársnemar hóp nemenda úr fyrsta bekk til liðs við sig og gerðu þeir sína hluti af þýði og er þar einkum að minnast Baltasars Kormáks í hlutverki



Þorvaldur Skúlason: Þytur, 1970, 250x350 sm.

fríður Árnadóttir, sem gera óhlutbundnar myndir úr lituðum pappír. Og þannig mætti sjálfsagt lengi telja, en sú spurning kann að vakna hvort það sé einber tilviljun að flest þau nöfn sem þannig koma í hugann eru konur? Sú spurning vaknar líka, hvort

verk þau sem valin hafa verið gefi rétta mynd af viðkomandi listamanni, eða sýni hans bestu verk. Hitt skiptir þó meira máli að sýningin gefi sanna mynd af þeirri þróun, sem þarna hefur átt sér stað. Hlutur þeirra Svavars Guðna-

sonar og Þorvaldar Skúlasonar hlaut óhjákvæmilega að vera stór í sýningu sem þessari. En mér er til efs að við fáum þarna að sjá þeirra sterkustu myndir. Athyglisvert er að sjá hvernig ótrúlega margir af abstraktmálurum okkar hafa séð sig knúða til að mála

strangeometrískar myndir á 6. áratugnum. Það stranga mótlæti sem þeir listamenn mættu hér heima hefur að öllum líkindum þjappað þeim saman í þessa áttina, jafnvel þótt þessi þúritaníska afstaða til málverksins hafi oft en ekki reynst blindgata sem leiddi til ófrjós formalisma. Því er gjarnan haldið fram, meðal annars í sýningarskránni, að strangeometríska listin hafi verið tjáning á einhvers konar viðleitni til þess að koma skipulagi á veröldina eftir hörmungar síðari heimsstyrjaldarinnar. Sú kann að hafa verið raunin hjá málara eins og Þorvaldi, sem þróaði sína geómetríu með markvissum hætti, en trú mín er að flestir hinna málara á 6. áratugnum hafi verið hraktir út í þessa stöðu af almenningsálitinu: með harðlínustefnunni og samstöðunni buðu þeir þróingsýninni birginn.

Það kom síðan í hlut þeirra Karls Kvaran og Harðar Ágústssonar að draga gleggstar niðurstöður af þessari þróun, og sakna ég þess að sjá ekki fleiri myndir eftir Hörð á þessari sýningu.

Pau Svavar Guðnason og Nína Tryggvadóttir létu þó aldrei beygja sig undir hinn stranga aga geometríunnar, og eru þunga-miðjan í þeim pól íslenskrar abstraktlistar, sem dýrkaði óhefta tjáningu undir sterkum áhrifum frá hinna ytri náttúru.

Í heild sinni lýsir sýningin viðleitni íslenskra myndlistarmanna til þess að skapa myndmál og tjáningarform er hæfa nútímanum. Þar finnst mér fyrri salurinn koma sterkar út sem heild, kannski vegna þess að hann endurspeglar um leið baráttu við fjandsamlegt umhverfi, sem kostaði miklar fórnir. En ef á heildina er litið lýsir sýningin jafnframt leitandi viðleitni, þar

sem tiltölulega fáir listamenn taka afgerandi hreina og skýra afstöðu með skýrt mótaðar hugmyndir. Þetta er kannski skiljanlegt í ekki stærra samfélagi en við búum við, en hitt verður að teljast meira einkennandi fyrir listamenn okkar, að þeir vinna frekar út frá tilfinningum sínum en vitsmunalega ígrunduðum forsendum. Síðan má spyrja þeirrar spurningar, hvort þetta endurspeglar almennt þjóðareinkenni Íslendinga.

Margt þótti mér fallett af höggmyndunum, þótt þar hafi kannski óhjákvæmilega verið fyrst og fremst um smærri verk að ræða. Óþarfi er að minna á þýðingu þeirra Ásmundar og Sigurjóns, en Gerður Helgadóttir kemur mjög sterk út á þessari sýningu. Hins vegar sakna ég fleiri mynda eftir Jón Gunnar Arnason, en ánægjulegt er að sjá þá endurnýjun í óhlutbundnum skúlptúr sem kemur fram í hinum mögnuðu eintrjáningum Helga Gíslasonar og formlitraunum Níelsar Hafstein.

Margt er fróðlegt í sýningarskránni, þótt þar vanti tilfinnana sögulegar heimildir um upphafsár íslenskrar abstraktlistar. Það er hins vegar til boga að a.m.k. 2 myndir hafa prentast öfugar í skránni, en það eru málverk eftir Kjarval frá 1929 og málverkið Landnám eftir Jóhannes Jóhannesson frá 1979. Þá er skurður á myndum víða ónákvæmur, til dæmis á málverki Sigurðar Örlygssonar frá 1969. Ekki kann ég heldur skýringu á því að í sýningarskrá skuli vera prentaðar myndir sem ekki eru á sýningunni.

En að lokum ber að þakka lofsvert framtak og hvetja sem flesta til þess að leggja leið sína í Kjarvalsstaði, því sjón er sögu ríkari.

G-listinn á Reykjanesi



KYNNINGAR FUNDIR

GARÐABÆR: Í Kirkjuhvoli, safnaðarheimilinu, miðvikudag, kl. 20³⁰

SELTJARNARNES: Í Tónlistarskólanum, laugardg, kl. 16⁰⁰

Gerum Ísland að fyrirmynd